

# Fögur er hlíðin í Technicolor

## Njála og íslensk kvikmyndasaga

Jón Karl Helgason

„Ég hef þá trú,“ skrifar Guðlaugur Rósinkranz í æviminningum sínum árið 1977, „að kvikmynd af Njálssögu myndi geta orðið stórbrotin, áhrifamikil og falleg kvikmynd, tekin í litum í okkar stórbrotna fagra landslagi sem undirstrikun og umgerð um örlagaþrungna atburði sögunnar.“<sup>1</sup> Guðlaugur hafði þá um árabíl verið formaður Edda-Film, umsvifamesta íslenska kvikmyndafyrirtækisins fram að þeim tíma, og vissi örugglega hvað hann var að syngja.

Edda-Film var stofnað árið 1949 í tengslum við fyrirhugaða kvikmyndun leikritsins *Fjalla-Eyvindar* eftir Jóhann Sigurjónsson. Þau áform runnu að vísu út í sandinn en eftir að Guðlaugur hafði tekið við stjórn Edda-Film árið 1953 kom fyrirtækið að framleiðslu þriggja bíómynda í fullri lengd sem allar voru teknar upp hér á landi. Þetta voru myndirnar *Salka Valka* (1954) sem byggð var á skáldsögu Halldórs Laxness, *79 af stöðinni* (1962) sem gerð var eftir skáldsögu Indriða G. Þorsteinssonar og *Rauða skikkjan* (1967), en hún sótti efnivið í gamla norræna sögu um Hagbarð og Signýju.<sup>2</sup> Guðlaugur, sem einnig var Þjóðleikhússtjóri á þessu tímabili, samdi sjálfur handritið að *79 af stöðinni* og í kjölfar velgengni þeirrar kvikmyndar hér á landi skrifaði hann kvikmyndahandritið *Gunnar og Hallgerður* upp úr *Njáls sögu*.

Ummæli Guðlaugs um gildi fagurs landslags fyrir kvikmyndun *Njálu* eru einkar áhugaverð. Þau vísa í senn til fleygra orða Gunnars á Hlíðarenda úr sögunni sjálfri og þeirrar landslagshéðar sem sett hefur mark sitt á íslenska kvikmyndagerð undanfarna tvo áratugi. Rætur þessarar hefðar liggja djúpt og tengjast mjög snemma áformum Íslendinga um kvikmyndun bókmenntaarfsins. Eftir því sem fram kemur í grein í *Lögrjetta* sumarið 1919 voru stórhuga athafnamenn þá þegar farnir að undirbúa söfnun hlutafjár fyrir kvikmyndaafélag í meirihlutaeigu Íslendinga. Greinarhöfundur var Ólafur Feilan, einn aðstandenda fyrirtækisins, og lagði hann áherslu á að hér væri um að ræða mikilvægt skref í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Með því að senda íslenskar kvikmyndir út í heim gætum við Íslendingar „sýnt alt, sem vjer eigum gott og markvert af gömlu og nýju. Með þeim getum vjer auglýst hið nýfengna frelsi meðal alþjóða — sýnt að vjer sjeum alfrjáls menningarþjóð í alfrjálsu landi“, skrifaði Ólafur meðal annars.<sup>3</sup> Um væntanleg viðfangsefni félagsins sagði hann aftur á móti:

<sup>1</sup> Guðlaugur Rósinkranz: *Allt var það indælt stríð. Æviminningar Guðlaugs Rósinkranz Þjóðleikhússtjóra*. Reykjavík: Örn og Örlygur, 1977, s. 99. Hér á eftir verður vísað til bókarinnar með blaðsíðunúmeri aftan við hverja tilvitnun. Sami háttur verður hafður um aðrar heimildir.

<sup>2</sup> Arnaldur Indriðason rekur sögu Edda-Film í greininni: „Á aldarafmæli kvikmyndalistarinnar: Kvikmyndir um íslenskt efni“. *Lesbók Morgunblaðsins* 7. október 1995.


<sup>3</sup> Ólafur Feilan: „Kvikmyndaafélag á Íslandi“. *Lögrjetta* 25. júní 1919, s. 1.



Fögur er hlíðin. Sviðsetning frá Þingvöllum.

Útlend fjelög, sem tækju sjer fyrir hendur að kvikmynda sögurnar okkar og önnur verkefni, mundu hugsa um það eitt, að græða á því nógu mikla peninga. Um hitt yrðu síður mikil heilabrot, hvort myndirnar líktust nokkuð frumritinu eða þjóðlífinu. Þyrfti ef til vill eigi neinni peningagræðgi til að dreifa, heldur bláberri vanþekkingu á háttum lands og þjóðar. Nái útlendingar fótfestu hjér heima eitt skifti, er það auðvitað mál, að þeir koma öðru sinni. Og þá get jeg að mörgum kotbóndanum muni þykja þröngt fyrir dyrum, er þeir koma með 7 djöfla sjer verri. Íslenskur sóðaskapur og amlóðaháttur er meir en landkunnur. Fegurðin er ekki óblandin. Útlendingar mundu eigi síður kvikmynda það, sem þeim fyndist óvanalegt á því sviði – sóðalegt eða hlægilegt. En vjer erum áreiðanlega upp úr því vaxnir, að vera augnagaman útlendra þjóða í þeim skilningi. Hvað sem um þetta má segja, er þó það víst, að tryggingin yrði langmest, jafnvel einhlýt, væri fjelagið íslenskt. Og yrði fjelag þetta stofnað, mundi það að fullu útiloka erlenda samkeppni.

(Ólafur Feilan: „Kvikmyndaafjelag á Íslandi“, *Lögretta* 25. júní 1919.)



Fögur er hlíðin. Jón Þórðarson í skólafstofunni.

Allar þjóðir eiga eitthvað það, sem vert er að birta á kvikmynd. Vjer Íslendingar erum óvenju auðugir á því sviði, því vjer eigum að kalla óþrjótandi verkefni. Í fyrsta lagi eigum vjer Íslendingasögurnar. Efnisríkar, „dramatískar“ frásagnir, eins og best verður á kosið. Flestir viðburðir, sem máli skifta í sögunum, gerast úti. Fyrir því myndu kvikmyndir af þeim verða mjög góðar, þar eð umgerðin – hið íslenska landslag og náttúra, – mundi eigi að eins fegra, heldur og stórum auða alla frásögnina að áhrifum og mikilleik.

Af öðrum verðugum viðfangsefnum kvikmyndafélagsins nefndi Ólafur íslenskar þjóðsagnir, nýleg leikverk Indriða Einarssonar og Matthíasar Jochumssonar og einstæð náttúrufyribæri landsins. Kostnaðaráætlun félagsins fyrsta árið miðaðist hins vegar við að þá yrði einungis framleidd ein kvikmynd: *Njála*. Sýnt var að myndin yrði geysilöng „(ca. 4000 metrar)“ og krefðist í senn fjölmargra höfuðleikenda og statista en orð Ólafs um mikilvæga umgjörð íslenskrar náttúru fyrir kvikmyndun Íslendingasagna sýna að henni hafi verið ætlað stórt hlutverk í myndinni.

Ekki verður séð að bein tengsl hafi verið á milli hugmynda Ólafs Feilan og félaga í lok annars áratugarins og Njáluhandrits Guðlaugs Rósinkranz. Líklegra er að kveikjan að verki Guðlaugs hafi falist í leikinni heimildamynd sem Edda-Film framleiddi í samvinnu við Nordisk Tonefilm sumarið 1954, samhliða kvikmyndun *Sölu Völkú*. Á ensku fékk myndin titilinn *Iceland: Island of Sagas* en á íslensku heitir hún einfaldlega *Fögur er hlíðin*. Handritshöfundur og leikstjóri var Sviinn Rune Lindström en honum til ráðgjafar var Sigurður Þórarinnsson sem jafnframt lék annað aðalhlutverkið, íslenskan jarðfræðing sem fæst við rannsóknir á stórbrotinni náttúru landsins. Mótleikari Sigurðar var Gunnar Rósinkranz, sonur Guðlaugs, en hann lék skólapiltinn Jón Þórðarson sem er í upphafi myndar eins síns liðs á ferðalagi um sögulslóðir *Njáls sögu*. Síðar hittir hann jarðfræðinginn og saman heimsækja þeir ýmsar helstu náttúruperlur landsins. Þeirra á meðal eru Vestmannaeyjar, Hekla, Mývatn, Gullfoss og Geysir, en ferðinni lýkur í Reykjavík þar sem ferðafélagarnir taka þátt í hátíðarhöldunum á 17. júní. Þeir Sigurður og Gunnar segja ekki margt í myndinni heldur er textinn að mestu leyti fluttur af þul. Sá segir okkur hvað jarðfræðingnum og skólapiltinum fer á milli en hann útskýrir líka hvar þeir eru staddir hverju sinni, hve mikið magn af sápu þurfi til að Geysir gjósi og að mörg helstu mikilmenni þjóðarinnar hafi útskrifast úr Menntaskóla Reykjavíkur, svo fáein dæmi séu nefnd.

Snemma í myndinni er eftirtektarvert endurlit. Á ferð sinni um Njáluslóðir heyrir Jón litli Þórðarson fleygar setningar úr sögunni bergmála í klettunum og er í framhaldi brugðið upp mynd af því þegar hann sýndi á landakorti í skólanum, síðasta daginn fyrir sumarfríið, þjóðleiðina frá Rangárvöllum til Þingvalla. Aftur er skipt um svið og horfið enn lengra aftur í tímann. Jón er nú kominn í fornleg klæði og ríður ásamt prúðbúinni hetju um lágt kjarr Þingvallahrauns. Áhorfendum verður ljóst að Gunnar á Hlíðarenda er hér á leið til þings ásamt ungum fylgdarmanni. Við taka táknrænar en svolítið sundurlausar svipmyndir af vígalegum varðmönnum á barmi Almannaágar. Loks sjáum við Gissur hvíta standa á Lögbergi og lýsa sök á hendur Gunnari fyrir víg Þorgeirs Starkaðarsonar; útleigðardómurinn er yfirvofandi. Þá er klípt yfir á skólafstofuna að nýju þar sem Jón er að ljúka við að lesa

viðkomandi kafla upp úr bók – að því er virðist útgáfu Einars Ólafs Sveinssonar á *Brennu-Njáls sögu* sem kom einmitt út árið 1954. Svo hringir skólaljallan. Þetta er stutt og einföld sviðsetning en hún gefur engu að síður fyrirheit um þá landkynningarmynd í litum sem Guðlaug Rósinkranz dreymdi um að skapa með *Gunnari og Hallgerði*.

Eintak af handriti Guðlaugs að myndinni er varðveitt á Kvikmyndasafni Íslands. Það er frá árinu 1966, er níutíu síður að lengd og skiptist niður í 262 senur.<sup>4</sup> Handritið hefst, líkt og *Njála sjálf*, á ummælum Hrúts Herjólfssonar um þjófsaugu Hallgerðar langbrókar og því lýkur á flóttu Kára Sölmundarsonar úr Njálsbrennu. Sú flókna atburðarás sem er á milli þessara tveggja viðburða í sögunni er einfölduð verulega í handritinu en Guðlaugur hefði gjarnan mátt ganga skrefi lengra í þá átt. Þannig er gert ráð fyrir að titilpersónurnar hverfi af sjónarsviðinu í senu 189 þegar tæpur þriðjungur myndarinnar væri ennþá eftir. Dauði Gunnars er eðlilegur hápunktur frásagnarinnar en verður í meðförum Guðlaugs annað af tveimur risum ásamt Njálsbrennu. Eftirmálum brennunnar eru hins vegar engin skil gerð þannig að sögulokin verða endaslepp.

Vegna þess hve mikill hluti *Njáls sögu* er til meðferðar í *Gunnari og Hallgerði* grípur Guðlaugur nokkrum sinnum á það ráð að láta sögumann („þul“) tengja saman ólík myndskleið (sena 75-76). Hann virðist einnig ráðgera að texti á tjaldi geti komið í stað sögumanns á slíkum skilum (sena 175-76). Enda þótt þessar lausnir eigi sér fordæmi í sögu kvikmyndanna, minna þær á þann árekstur tveggja tjáningarforma sem felst í kvikmyndun tiltekens bókmenntatexta. Skýrasta dæmið um slíkan árekstur er þegar þulurinn kynnir Gunnar á Hlíðarenda til sögunnar í kjölfar dauða Glúms, annars eiginmanns Hallgerðar:

PULUR: Gunnar Hámundarson býr að Hlíðarenda í Fljótshlíð. Hann er mikill vexti og sterkur, vænn yfirlitum, ljós á hár, bláeygur og snareygur. Manna bezt vígur. Hann heggur báðum höndum, og vegur svo skjótt með sverði að þrjú sýnast á lofti. Hann skýtur manna best af boga, og hæfir allt er hann skýtur til. Manna kurteisastur er hann og harðger í öllu.

Meðan þulurinn talar koma á tjaldið myndir frá Hlíðarenda, fjallasýn til Eyjafjallajökuls, útsýn yfir Landeyjar og til Vestmannaeyja. (sena 42)

Mannlýsing Gunnars er hér tekin nærri orðrétt upp úr sögunni, sviðslýsingin kallast hins vegar á við upphafið á „Gunnarshólma“, kvæði Jónasar Hallgrímssonar: „Skein yfir landi sól á sumarvegi / og silfurbláan Eyjafjallatind.“<sup>5</sup> Senan gefur skýra vísbendingu um þá samþættingu bókmennta og landslags sem Guðlaugur sá fyrir sér með kvikmyndun *Njálu*.

Sú trúmennska við frumtextann sem þarna kemur fram er einkenniandi fyrir handritið í heild. Þannig eru útskýringar á athöfnum og umhverfi persónanna í myndinni oft og tíðum samhljóða viðkomandi lýs-



Guðlaugur Rósinkranz.

PULUR: Gunnar og Kolskeggur hafa nú verið 3 ár í vikingu, farið til Svíþjóðar, Bjarmalands, Danmerkur og Noregs, lent í miklum bardögum, unnið sigra, aflað hjár og vopna, meðal annars hefur Gunnar unnið atgeir mikinn hið ágætasta vopn, og Hákon jarl hefur gefið Gunnari gullhring, mikið djásn.

(Guðlaugur Rósinkranz: *Gunnar og Hallgerður*, 1966, senur 75-76.)

<sup>4</sup> Guðlaugur Rósinkranz: *Gunnar og Hallgerður - Njálssaga. Kvikmyndahandrit, byggt á Njálssögu. Jónas Kristjánsson, magister hefur aðstoðað hvað mál snertir*. 1966. Ljósrit varðveitt á Kvikmyndasafni Íslands. Handritið er ekki með blaðsíðutali en vísað er til þessarar heimildar í meginmáli með senunúmerum.

<sup>5</sup> Jónas Hallgrímsson: „Gunnarshólmi“. *Ljóð og lausamál*. Ritstjórar Haukur Hannesson, Páll Valsson, Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík: Svart á hvítu, 1989, s. 77.

ingum úr sögunni. Hér má nefna orustuna sem Gunnar á Hlíðarenda og Kolskeggur bróðir hans heyja við bræðurna Hallgrím og Kolskegg úti fyrir ströndum Eistlands. Í því eintaki *Gunnars og Hallgerðar* sem varðveitt er á Kvikmyndasafninu hafa verið skrifaðar, væntanlega af Guðlaugi sjálfum, leiðréttingar sem færa lýsingu á bardaga þeirra bræðra úr sögulegri fortíð frumtextans – ónefndrar Njáluútgáfu – til þeirrar nútíðar sem hæfir kvikmyndahandriti: „Gunnar heggur þá á handlegg Hallgrími og ~~þeir~~ bitur sverðið ekki, en handleggurinn ~~varð~~ verður máttlaus og ~~missir~~ missir hann við það atgeirinn“ (sena 65). Guðlaugur gerir hins vegar enga tilraun til að útfæra þessa senu sérstaklega fyrir hvíta tjaldid. Það starf átti væntanlega að biða betri tíma en leiðréttingarnar hér að ofan sýna hve skammt á veg handritsvinnan er komin. Textinn minnir fremur á drög að leikriti en kvikmyndahandrit.

Af þessum sökum er forvitnilegt að bera *Gunnar og Hallgerði* saman við elstu íslensku leikgerðir *Njáls sögu* sem varðveist hafa en þær voru samdar af Ólafi Thorlacius kaupmanni í Stykkishólmi árið 1906. Um er að ræða þrjá einpáttunga, *Bergþóru Skarphéðinsdóttir* og *Hallgerði Höskuldsdóttir*, *Flosa og Hildigunni* (sem er einnig nefndur *Víg Höskuldar Hvítanesgoða*) og *Víg Práins Sigfússonar*. Fátt er vitað um uppfærslu þessara verka en Ólafur var lengi driffjöldur í leikstarfsemi í Stykkishólmi, raunar allt frá upphafi hennar skömmu fyrir 1880. Hann þýddi og frumsamdi fjölda leikrita, þar á meðal eru fleiri verk byggð á fornþekktum leikritum, en að sögn Sveins Einarssonar „mun Ólafur vera fyrsti leikhöfundurinn, sem jafn gagnert leitar fanga í hinum þekktustu Íslendingasögum.“<sup>6</sup> Sé gripið niður í *Bergþóru og Hallgerði* er upphafsatriðið helgað fyrstu kynnum Hallgerðar og Gunnars á Alþingi á Þingvöllum. Í *Njálu* er samtali þeirra lýst með þessum hætti:

En er þau fundust kvaddi hún þegar Gunnar. Hann tók vel kveðju hennar og spurði hvað kvenna hún væri. Hún nefndist Hallgerður og kvaðst vera dóttir Höskulds Dala-Kollssonar. Hún mælti til hans djarflega og bað hann segja frá ferðum sínum en hann kvaðst ekki varna mundu henni máls.<sup>7</sup>

Ólafur endurskrifar þessa óbeinu ræðu sem beina ræðu; um er að ræða einfalda þýðingu af einu bókmenntaformi yfir á annað:

HALLGERÐUR: Heill sértu, eðr hver ert þú hinn vasklegi maður?

GUNNAR: Gunnar heiti ég Hámundarson, eðr hver er þessi hin sköruglega kona?

HALLGERÐUR: Hallgerður heiti ég dóttir Höskuldar Dala-Kollssonar, þú munt vilja segja mér frá ferðum þínum, þar þú hefir víða farið og ert frægur maður orðinn.

<sup>6</sup> Sjá Sveinn Einarsson: *Íslensk leiklist I. Ræturnar*. Reykjavík: Menningarsjóður, 1991, s. 337.

<sup>7</sup> *Brennu-Njáls saga. Íslendingasögur og þættir*. Fyrri bindi. Ritstjórar Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson, Örnólfur Thorsson. Reykjavík: Svart á hvítu, 1986, s. 160.

GUNNAR: Eigi mun ég varna þér máls (*þau setjast*).<sup>8</sup>

Guðlaugur fer eins að í *Gunnari og Hallgerði*:

HALLGERÐUR: Heill og sæll, Gunnar á Hlíðarenda.

GUNNAR: Heil vert þú, hvert er nafn þitt og ætterni?

HALLGERÐUR: Hallgerður heiti ég, dóttir Höskuldur Dala-Kollsonar. Seg mér nokkuð af ferðum þínum og frama erlendis.

*Þau setjast tvö ein [...]* (senur 83-84)

Þessi dæmi eru að lýsandi fyrir aðferð þeirra Ólafs og Guðlaugs. Þegar þess er kostur fylgja þeir sögunni eins náð og þeir geta; eini munurinn er að orðfærið í handriti Guðlaugs er heldur nútímalegra.

Skömmu síðar, eftir að Hallgerður hefur sagt Gunnari að snúa sér til föður hennar með bónorð sitt, bregður hins vegar svo við að Ólafur semur nýjan texta fyrir munn Gunnars, eins konar eintal sálarinnar. Slíkt eintal brýtur í bága við hlutlægan frásagnarstíl *Njálu* og annarra Íslendingasagna en samræmist ágætlega vestrænni leiklistarhefð.

GUNNAR: (*einn*) Þetta er hin fríðasta og sköruglegasta kona er ég hefi séð, og hefi ég þó víða farið, og séð margar fríðar konur. – (*hugsi, gengr þegjandi um leiksviðið*). – En hverju mun Höskuldur svara ef ég bið dóttur hans. – Vér erum engir vinir síðan ég heimti fé Unnar frændkonu minnar af Rúti bróður hans, og vant er að vita hversu tekst – en þó skal á það hætta. – (*Litur út hægra megin*). En hér ber vel í veiði því hér koma þeir bræður, Rútur og Höskuldur. (s. 253)

Auk þess sem áhorfendur fá hér óvænta sýn á söguhetjuna í ástarhug, þjónar eintalið þeim tilgangi að kynna aðstæður. Gunnar kemur því á framfæri hvað hafi gerst áður en leikritið hefst og hvaða persónur eru um það bil að ganga á svið. Lausnin er snjöll, þótt hún láti lítið yfir sér, og tekur þularlausninni í *Gunnari og Hallgerði* fram. Svipuðum skýringum er líka fléttað inn í texta einstakra persóna í *Bergþóru og Hallgerði* til að brúa bilið á milli einnar senu og þeirrar næstu, en víða styttingar og einfaldar Ólafur atburðarásina. Þannig er að mestu hlaupið yfir húskarlavígin í leikritinu en Njáll látinn gefa yfirlit yfir þau í samtali við Bergþóru.

Ólafur gerist þó ekki svo djarfur að hnika til atburðum *Njálu* eða semja nýtt efni inn í söguna, enda virðast Íslendingar hafa haft takmarkað umburðarlyndi gagnvart tilburðum af því tagi. Í ævisögu sinni *Sjød og lifað* ræðir Indriði Einarsson áhrif þessara viðhorfa á leikritagerð sína á síðustu árum nítjándu aldar. Sigurður Guðmundsson málari lagði þá að Indriða að semja leikrit upp úr einhverri fornsögunni,

og fjekk mig svo langt, að jeg tveimur þremur árum seinna reyndi til við Gísla sögu Súrssonar, en þótt sagan sje skrifuð eins og hún sje sorgarleikur eftir Shakespeare, þá var það erfitt viðfangsefni fyrir Íslending, sem ekki þorir – eða tæpast vogar – að bæta því inn í samtöl sögunnar, sem þar þarf að vera til að fylla upp, það sem úr fellur. Sögunnar eru svo

<sup>8</sup> Ólafur Thorlacius: *Bergþóra Skarphéðinsdóttir og Hallgerður Höskuldsdóttir. Leikr í 1 þætti. Viðburðr úr Njállsögu. Samantekinn 1906. Lsb 2117, s. 245.*

(Stofa að Bergþórshvoli: Njáll og Bergþóra koma inn vinstra megin)

NJÁLL: Nú þykja mér manndrápin sem þið Hallgerður eruð valdar að vera langt úr hófi. Fyrst lét Hallgerður drepa Svart húskarl vörn, en þú létst drepa Kol verkstjóra Gunnars. Síðan var drepinn húskarl vor, svo létst þú drepa Brynjólf húskarl Gunnars, en Hallgerður lét drepa Þórð Leysingjason. — En samíð hofum við Gunnar um vig þessi og bætt hver öðrum, og vildi ég að hér næmi nú staðar um vígaferlin.

BERGÞÓRA: Aldrei skal ég vægja fyrir Hallgerði...

(Ólafur Thorlacius: *Bergþóra Skarphéðinsdóttir og Hallgerður Höskuldsdóttir*, 1906, 10. atriði)

alpektar hjer á landi, að hvert spor út af brautinni, sem sagan hefur lagt verður stórhættulegt fyrir höfundinn og skerðir álitid, sem hann kann annars að hafa.

Af þessum sökum segist Indriði hafa ákveðið að vinna leikrit upp úr Sturlungu sem sé „saga og samtíningur, en ekki fornsaga og listaverk; þess vegna þarf leikritaskáld ekki að flyja hana, ef hann vill endilega fá sjer andlegt bað í fortíð landsmanna“.<sup>9</sup>

Nú mætti ætla að önnur viðhorf til Íslendingasagna hafi ríkt á sjöunda áratugnum þegar handritið að *Gunnari og Hallgerði* verður til. Þess ber hins vegar að gæta að Guðlaugur Rósinkranz mótaðist í því íhaldssama andrúmslofti sem Indriði lýsir. Hann fæddist árið 1903 á bænum Tröð í Ónundarfirði og ólst þar upp við hefðbundin sveitastörf. Kvöldvökur voru fastur liður í heimilislífinu og kom snemma í hlut Guðlaugs að annast upplesturinn. Lesefnið var fjölbreytt, þar á meðal Íslendingasögur, skáldsögur eftir Jón Thoroddsen, Jón Mýrdal, Torfhildi Hólm og Jón Trausta, auk þýðdra sagna af ýmsu tagi. Í æviminningum sínum rifjar Guðlaugur upp að heimilisfólk hafi oft rætt um persónur fornsagnanna, þeirra á meðal Gunnar á Hlíðarenda, Hallgerði, Njál og Flosa: „Tóku menn málstað þeirra sitt á hvað og komu þá fram ýmsar ásakanir, eða vörn fyrir athafnir þessara persóna. [...] Þetta gátu jafnvel orðið heitar umræður og skemmtilegar“ (s. 23). Þessi frásögn er samhljóða vitnisburði fjölmargra annarra Íslendinga sem ólust upp í sveitum landsins á níjtjándu öld og fyrri hluta þeirrar tuttugustu og litugjarnan á Íslendingasögurnar sem sígild sagnfræðirit.<sup>10</sup>

Á hinn bóginn hafði Guðlaugur fyrir sér ýmis fordæmi yngri höfunda sem endurskrifað höfðu einstakar Íslendingasögur með róttækum hætti um og eftir miðja öldina. Þar ber hæst skáldsaga Halldórs Laxness *Gerpla* sem út kom árið 1952 en hún sækir efnivið í *Fóstbræðra sögu* og *Ólafs sögu helga*.<sup>11</sup> Kvikmyndalistin hafði líka haft merkileg áhrif á þennan vettvang fyrir tilverknað Henriks Thorlacius, ættingja Ólafs kaupmanns í Stykkishólmi. Árið 1942 gaf þessi liðlega þritugi kennari og rithöfundur út á íslensku kvikmyndaleikrit sitt *Guðrún Ósvífrsdóttir* í tvö hundruð tölusettum eintökum en ári áður hafði handritið komið út í enskri gerð. Henrik byggir texta sinn á *Laxdæla sögu* og er athyglinni einkum beint að sambandi Guðrúnar Ósvífrsdóttur við Kjartan Ólafsson og Bolla Þorleiksson. Árið 1943 sendi Henrik svo frá sér annað hliðstætt kvikmyndahandrit, *Fund Vínlands*, sem myndskreytt var af Kurt Zier. Segist hann í formála hafa ákveðið að gefa handritið út sökum þess hve vel *Guðrúnu Ósvífrsdóttur* var tekið: „Reyndist það svo, að ýmsir hinna greindari bókamanna töldu það prýðilegan skemmtilestur.“<sup>12</sup> Henrik getur þó jafnhliða um „lítið menntaðan blaðamann, sem fann sig knú-

<sup>9</sup> Tilvitnun fengin frá Sveini Einarssyni: *Íslensk leiklist II. Listin*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1996, s. 238.

<sup>10</sup> Sjá m.a. Jón Karl Helgason. *Hetjan og höfundurinn: Brot úr íslenskri menningarsögu*. Reykjavík (1998), s. 32-33.

<sup>11</sup> Sjá m.a. Ástráð Eysteinnsson: „Er Halldór Laxness höfundur *Fóstbræðrasögu*? Um höfundargildi, textatengsl og þýðingu í sambandi Laxness við fornsögurnar.“ *Skáldskaparmál* 1 (1990), s. 171-88.

<sup>12</sup> Henrik Thorlacius. *Fundur Vínlands*. Reykjavík (1943), s. 3. Fjölritað handrit, varðveitt í Kvikmyndasafni Íslands.

inn til að fella órökstuddan sleggjudóm um leikritið“ og staðfestir þannig að skiptar skoðanir voru um endurrítanir íslenskra fornþókmennta á þessu tímabili.<sup>13</sup>

Í *Fundi Vínlands* sótti Henrik innblástur til *Vínlands sögu* og *Eiríks sögu* en fór þó að ýmsu leyti sínar eigin leiðir. Handritið hefst á lýsingu á Skólavörðuhæð árið 1932 þegar bandaríski sendiherrann er að afhenda íslensku þjóðinni líkneskið af Leifi heppna. Eftir að hafa sýnt sögu landnáms Íslendinga á Grænlandi og í Ameríku á elleftu öld lýkur myndinni síðan í Mexíkó. Skipbrotsmaðurinn Leifur á þar stutt ástarævintýri með fagurri konungsdóttur áður en hann snýr aftur til sinna norðlægu heimkynna. Kveðjustund Leifs og kóngsdóttur segir nokkra sögu um handritið í heild. Hún kveðst geyma minningu hans „sem helgan grip“ og hann svarar: „Þakka þér fyrir. Þegar ég kem til míns norðlæga heimkynnis verður huga mínum reikað til suðlægra pálmalunda, þar sem ást mín býr. (*Hann tekur kross, sem hann fær kóngsdóttir*)“ (s. 124).

Enda þótt Henrik sé trúrrí frumtexta sínum í *Guðrúnu Ósvífrsdóttur* hikar hann ekki að yrkja inn í eyður *Laxdælu* og beygja söguna undir lögmál nýs tjáningarmiðils. Fyrsta senan á sér stað á Þingvöllum árið 990 og er sviðslýsingin í fullu samræmi við þau orð Ólafs Feilans að íslenskt landslag og náttúra séu til þess fallin að fegra og magna kvikmyndir um Íslendingasögurnar.

*Óxarárfoss glitrandi í geislum morgunsólarinnar. Músikin verður fjörug. Nú sjást þeir Kjartan og Bolli og halda sinn í hvorn handlegg Guðrúna, og togast á um hana. Hún er yndisleg og frjálst telpa 15 ára gömul. Svipurinn er draumlyndur og óstýrilátur í senn. Hlátur þeirra og kæti fellur við fjór tónfallsins. Guðrúna tekst að losa sig og hleypur frá þeim, en þeir þjóta á eftir. [...] Hún snýr höfðinu aftur, í áttina til þeirra Kjartans og Bolla, og kallar.*

GUÐRÚN: Sýnið nú dugnað ykkar og náðið mér.<sup>14</sup>

Þessum viðburði er ekki lýst í sögunni sjálfri. Þar er gefið til kynna að Kjartan hafi fyrst kynnst Guðrúnu eftir að hún var orðin móðir og ekkja. Sækja þau bæði til Særlingsdalslaugar og þykir „Kjartani gott að tala við Guðrúnu því að hún var bæði vitur og málsnjöll“.<sup>15</sup> Henrik telur hins vegar mikilvægt að áhorfendur kynnist öllum höfuðpersónum í einni svipan í upphafi myndar og endurskilgreinir ástarsamband þeirra sem æskuást. Senan verður jafnframt táknræn fyrir atburðarásina alla.

Lesendur *Laxdælu* hafa löngum deilt um við hvern Guðrún eigi þegar hún segir við Bolla, son þeirra Bolla Þorleikssonar í niðurlagi sögunnar: „Þeim var eg verst er eg unni mest“ (s. 1653). Viða í handriti



Forsíðumyndin af *Fundi Vínlands*, myndskreyting Kurts Zier.

<sup>13</sup> Deilur þær sem fornritaútgáfa Halldórs Laxness vakti á árunum 1941 til 1943 birta skýrlega þau ólíku sjónarmið sem voru uppi um endurrítun fornsagna á þessum árum. Sjá Jón Karl Helgason: *Hetjan og höfundurinn* (1998), s. 133-68.

<sup>14</sup> Henrik Thorlacius. *Guðrún Ósvífrsdóttir*. Reykjavík (1942), s. 4. Fjölritað handrit, varðveitt í Kvikmyndasafni Íslands.

<sup>15</sup> *Laxdæla saga. Íslendingasögur og þættir*. Síðara bindi. Ritstjórar Bragi Halldórs-son, Jón Torfason, Sværir Tómasson, Örnólfur Thorsson. Reykjavík: Svart á hvítu (1986), s. 1592.



Kvenhetja harmar dauða elskhuga síns. Úr *Niflungahring* (1924) þýska leikstjórans Fritz Lang.

Hann fann, hvermig hvössu, gráðugu tennurnar sukku inn í skinnið og að blóð seitlaði úr sárinu. Sársaukinn var mikill, en í sársaukanum var algleymi-sæla... Hann tók fastar utan um hana, fann eins og að mátt drægi úr henni, og hun gaf eftir í hnjáliðunum. Hann lét hana síga niður í grasið og fylgdi henni eftir... Þau voru bæði um að losa klæði hennar...

– Komdu, Þjóstólfur! hvíslaði hún lágt, um leið og hún hreyfði sig ósjálfrátt til að liggja betur. – Taktu mig, taktu mig! Nú er eg þín – er þín ..! Hún andvarpaði, lokaði augunum og tók á móti honum, hélt utan um hann og dró hann fastar að sér.

(Friðrik Á. Brekkan: *Drottningarkyn. Saga* (1947), s. 83-84.)

Henriks er látið í það skína að þessi orð geti aðeins átt við Kjartan og síðustu senunni eru tekin af öll tvímæli um þetta efni.

*Guðrún krýpur niður við líkbörurnar. Hún horfir eitt augnablik þögl á andlit Kjartans og starir svo beint fram fyrir sig. Músikin er sú sama og í 1. kafla. Endurtekning úr 1. kafla: Guðrún leggst á knén við hlið Kjartans.*

GUÐRÚN: Fyrirgefðu mér, Kjartan, þú átt mig, því þú reyndir að vinna til þess.

*Guðrún tárast við líkbörur Kjartans, lítur á andlit hans og segir:*

[GUÐRÚN:] Þér var ég verst, er ég unni mest.

*Hún fleygir sér yfir líkið. Um leið verður kirkjan öll uppljómuð, og músikin fær á sig afar hátíðlegan blæ og blandast fögrum söng. (s. 126)*

Ekki er hægt að kvarta hér yfir skorti á dramatik, enda eru sögulokin í stíl sígildra kvikmynda þriðja og fjórða áratugarins. Tilvitnunin sýnir líka hvað á vantar til að *Gunnar og Hallgerður* geti talist fullbúið kvikmyndahandrit. Hjá Henrik koma ekki aðeins fram ítarlegar upplýsingar um látbragð persóna, heldur líka ábendingar um lýsingu og tónlist.

Reginmunurinn á verkum þeirra Henriks og Guðlaugs felst eftir sem áður í afstöðu þeirra til texta fornsögunnar. Henrik lítur á hann sem mótanlegan efnivið en hjá Guðlaugi er hann eiginlegt markmið kvikmyndarinnar. Það er helst að Guðlaugur yrki í eyður *Njáls sögu* þegar kemur að sambandi kynjanna. Eftir að Gunnar á Hlíðarenda hefur hitt Höskuld, föður Hallgerðar, á Þingvöllum og fastnað sér dóttur hans fyrir konu er sviðslýsingin í *Gunnari og Hallgerði* svohljóðandi: „Gunnar og Hallgerður ganga saman út og leiðast. Þau kyssast heitt og innilega um leið og þau ganga út“ (sena 89). Ekki er getið um slíkt kossaflans í sögunni sjálfri en hegðun hjónaleysanna á þessu augnabliki er vissulega í samræmi við það frjálslýndi í kynferðismálum sem unga kynslóðin boðaði á þeim „blómatíma“ þegar Guðlaugur vann að verki sínu.

Róttækasta skáldaleyfið í *Gunnari og Hallgerði* er einmitt af sama toga, en það felst í því að sýna Þjóstólf, föstra Hallgerðar, láta vel að henni eftir að Þorvaldur, fyrsti eiginmaður hennar, hefur slegið hana utan undir. Hér má reyndar hugsanlega greina áhrif frá skáldsögunni *Drottningarkyni* eftir Friðrik Á. Brekkan frá árinu 1947, en hún er ein fárra íslenskra skáldsagna sem skrifaðar hafa verið upp úr *Njálu*. Sagan fjallar með frumlegum hætti um ástríðufullt samband þeirra Hallgerðar og Þjóstólfs sem nær hámarki þegar Hallgerður bitur föstra sinn í hálsinn og biður hann síðan að taka sig. Guðlaugur gengur að vísu ekki alveg svona langt í sinni sviðslýsingu, enda þótt ofbeldi og erótík fylgist einnig hér að:

*Þorvaldur rís á fætur og slær Hallgerði í andlitið svo blæðir úr, og gengur á brott. Fer niður að sjó með 8 húskarla með sér og rær út í Bjarnar-ey. Rétt á eftir kemur Þjóstólfur til Hallgerðar og sér hve illa hún er leikin.* ÞJÓSTÓLFUR: Hví ert þú svo illa leikin?

HALLGERÐUR: Því veldur Þorvaldur bóndi minn, og var þú nú of fjarri, ef þér þykir eg nokkurs virði.

ÞJÓSTÓLFUR: (*gengur til Hallgerðar[,] tekur utan um hana og þrýstir að sér*) Ekki vissi eg þetta fyrir, en þessa skal verða hefnt. (*þau sýna hvert [svo] öðru heit ástarlot*) (sena 16)




Rétt er að ítreka að sviðslýsingar af þessu tagi, þar sem fram kemur túlkun á einstökum atburðum *Njálu*, heyra til undantekninga í *Gunnari og Hallgerði*. Markmiðið var ljóslega að kvikmynda texta *Njálu* en ekki einhvern tiltekinn lestur á henni.

Fljótlega eftir að Guðlaugur Rósinkranz lauk við handritið að *Gunnari og Hallgerði* þýddi hann það á sænsku og gerði tilraunir til að fá erlenda aðila til að taka þátt í verkefninu. Drepið er á þessi áform í sýningarskrá *Rauðu skikkjunnar* árið 1967 og sagt að Edda-Film voni „að með þeim áfanga takist að ná að kvikmynda eina stórkostlegustu sögu íslenskra gullaldarþáttanna“.<sup>16</sup> En undirtektir erlendra kvikmyndafyrirtækja við handritinu ollu vonbrigðum, eins og Guðlaugur útlistar í æviminningum sínum: „Öll töldu þau að kvikmyndin myndi verða dýr og Íslendingasögurnar væru ekki það kunnar meðal almennings og efnið fjarlægt nútímafólki, að vafasamt myndi vera að fá áhorfendur að slíkri mynd“ (s. 99). Guðlaugur segist einnig hafa sótt um framleiðslustyrki til íslenska ríkisins en fengið neikvætt svar. Hann lét af formennsku Edda-Film árið 1976 án þess að draumur hans um *Gunnar og Hallgerði* hefði ræst.

Sömu sögu er af segja af flestum öðrum áformum innlendra og erlendra aðila um kvikmyndun *Njáls sögu*. Hefur engu skipt þótt menn hafi forðast þá gryfju að gera sögunni allri skil í einni bíómynd. Í kvikmyndanámi sínu á áttunda áratugnum skrifaði Ágúst Guðmundsson handrit að kvikmynd um hefnd Högna, sonar Gunnars á Hlíðarenda. Byggði hann handritið á textanum í 78. og 79. kafla *Njálu*, lagði áherslu á myndmálið, en í handritinu er aðeins gert ráð fyrir að fáeinir setningar séu sagðar.<sup>17</sup> Af gerð myndarinnar hefur enn ekki orðið. Ágúst réðst aftur á móti í kvikmyndun *Útlagans* (1981) þegar hann sneri heim úr náminu og urðu þá loks að veruleika áform Indriða Einarssonar um sorgarleik byggðan á *Gísla sögu Súrssonar*. Óstyttur kallar söguþráður *Njálu* ljóslega á framhaldsmyndagerð en í kringum 1970 var sænska sjónvarpið einmitt með slíka þáttaröð á þrjónunum. Var Sveinn Einarsson fenginn, ásamt sænskum höfund, til að skrifa uppkast að fáeinum þáttum og kom sænskur kvikmyndatökumaður hingað til lands í þessu sambandi. Sveinn leitaði meðal annars ráða hjá föður sínum, Njálusérfræðingnum Einari Ólafi Sveinssyni, en hugmyndin var að gera nýjan efnisúrdrátt úr sögunni og láta myndmálið fremur en textann vera ráðandi. Áttu myndir japanska kvikmyndaleikstjórans Kurosawa að vera fyrirmynd að þessu leyti. Verkefni dagaði hins vegar uppi vegna fjárskorts.<sup>18</sup>

*Njála* hefur samt sem áður markað sín spor í íslenska kvikmyndasögu. Þannig má segja að ólík viðhorf þeirra Henriks Thorlacius og Guðlaugs Rósinkranz til fornsagnanna skerpist enn frekar í kvikmyndum Hrafns Gunnlaugssonar *Hrafninn flýgur* (1984) og *Í skugga hrafnisins* (1988) annars vegar og *Brennu-Njáls sögu* (1981) Friðriks Þórs Friðrikssonar hins vegar. Hrafn sækir sér innblástur til texta ólíkra fornsagna, nýtir sér



Henrik Th. S. Thorlacius, höfundur tveggja kvikmyndahandrita sem byggðust á Íslendingasögnum.



Úr *Rauðu skikkjunni* (1967).

<sup>16</sup> *Rauða skikkjan*. Sýningarskrá með samnefndri kvikmynd. Reykjavík: 1967.

<sup>17</sup> Sbr. samtal greinarhöfundar við Ágúst Guðmundsson í júlí 1999.

<sup>18</sup> Sbr. viðtal við Svein Einarsson í þætti Einars Karls Haraldssonar: *Nýjustu fréttir af Njálu*, 27. maí 1984. Ríkisútvarpið, DB 7653-2.



Úr *Brennu-Njáls sögu* (1981), kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar.

sagnaminni, persónulýsingar og einstaka atburði, en mótar efnið í sjálfstæðu höfundarverki, undir meðvitundum áhrifum frá erlendum kvikmyndaleikstjórum á borð við fyrrnefndan Kurosawa og Sergio Leone. Hér má minna á róttæka úrvinnslu hans á kristnitökunni í síðari myndinni en *Njáls saga* geymir, sem kunnugt er, einn af frumtextum þess atburðar. Friðrik Þór gengur hins vegar eins langt og unnt er í kvikmyndun á eiginlegum texta fornsögunnar í sinni mynd. Við horfum á lesanda (tvær hendur) fletta myndskreyttri útgáfu Halldórs Laxness á *Brennunjáls sögu* frá 1945 og leggja loks eld að henni. Á meðan bókin brennur hljóma afbakaður trommutaktur, klukknafláttur og ómannleg öskur. Reyndar var hugmyndin sú að taka einnig upp stuttar og jafnvel táknrænar sviðsetningar úr sögunni – eins konar leiftur af hverri síðu – en vegna peningaskorts varð niðurstaðan einfaldari. Í útvarpsviðtali árið 1984 líkti Friðrik Þór þröngum fjárhagsramma myndarinnar við það ef höfundur *Njálu* hefði bara haft tíu kálfa til að skrifa söguna.<sup>19</sup>

Loks má nefna að margar þeirra leiknu kvikmynda sem framleiddar hafa verið hér á landi síðustu tvo áratugi eru undir sterkum áhrifum frá landslagshefðinni sem mótaði hugmyndir Ólafs Feilan og Guðlaugs Rósinkrans um kvikmyndun *Njálu*. Í þessum myndum sjáum við gjarnan skemmri eða lengri myndskreið þar sem hvítir jöklar, svartir sandar eða blá fjöll eru í aðalhlutverki. Áhorfandinn kemst vart hjá því að segja: „Fögur er hlífðin, svo að mér hefur hún aldrei jafnfögur sýnst.“ Elías Snæland Jónsson umorðaði til að mynda þessa setningu Gunnars á Hlíðarenda í gagnrýni um kvikmynd Kristínar Jóhannesdóttur Á *hjárald* árið 1983: „Í mörgum þeim myndköflum, sem teknir eru utandyra, verður sérstætt sjónarhorn og frumleg notkun íslenska ljóssins [...] til þess að sýna okkur landið á nýjan, magnaðan hátt, sem magnar enn frekar galdrakynngi frásagnarinnar.“<sup>20</sup> Frá þessum sjónarhóli er íslensk kvikmyndasaga saga landkynningarmynda, mynda sem eiga að ýta undir ættjarðarast þjóðarinnar, en sýna útlendingum „að vjer sjeum alfrjáls menningarþjóð í alfrjálsu landi“. Helst af öllu eiga þær þó að lokka erlenda ferðamenn hingað, til að njóta útsýnisins af Gunnarshólma.

<sup>19</sup> Sbr. viðtal við Friðrik Þór Friðriksson í þætti Einars Karls Haraldssonar: *Nýj-ustu fréttir af Njálu*, 20. maí 1984. Ríkisútvarpið, DB 7653-1.

<sup>20</sup> Tilvitnun fengin úr kaflanum „Umsagnir um íslenskar kvikmyndir.“ Í Leslie Halliwell: *Kvikmyndahandbókin*. Reykjavík: Mál og menning, 1989, 258.

791.43  
Hei

Ritstjóri  
Guðni Elísson

# Heimur kvikmyndanna

4. h.



FORLAGIÐ

Reykjavík 1999